

## Reglugerð um kjör íþróttamanns Dalvíkurbyggðar

### 1. gr.

Íþróttafélög í Dalvíkurbyggð skili til íþróttá-, og æskulýðsráðs rökstuddum tilnefningum fyrir 31. desember ár hvert á þar til gerðu formi.

Félögum er heimilt að tilnefna einn einstakling fyrir hverja grein íþróttá sem stunduð er hjá viðkomandi félagi.

Komi til að tilnefnt verði fleiri en einn aðili fyrir sömu grein, skal sá sem hlýtur fleiri atkvæði valnefndar og úr rafrænni kosningu vera íþróttamaður þess greinar.

Komi ábendingar og rökstuðningur til ráðsins fyrir 31. desember frá öðrum félögum en félögum í Dalvíkurbyggð er íþróttá- og æskulýðsráði heimilt að tilnefna ef ástæða þykir til.

### 2. gr.

Íþróttamaður Dalvíkurbyggðar getur aðeins sá orðið sem stundar íþróttir með félagi sem starfar í Dalvíkurbyggð, eða hefur lögheimili í Dalvíkurbyggð en stundar íþrótt sína utan Dalvíkurbyggðar. Viðkomandi þarf að hafa náð 15 ára aldri á því ári sem tilnefnt er fyrir.

### 3. gr.

Kosning fer fram í rafrænni íbúakosningu 30% á móti atkvæðum íþróttá- og æskulýðsráðs, aðal og varamanna, 70%. Kosning skal hefjast eins fljótt og auðið er í upphafi árs. Sviðsstjóri og íþróttá- og æskulýðsfulltrúi halda hjá sér niðurstöðu fram að lýsingu á kjöri íþróttamanns Dalvíkurbyggðar

### 4. gr.

Tilnefndir íþróttamenn hljóta sérstaka viðurkenningu en kjörinn íþróttamaður Dalvíkurbyggðar hlýtur eignarbikar ásamt farandgrip sem viðkomandi varðveitir í eitt ár.

### 5. gr.

Afhending viðurkenninga og tilkynning á vali íþróttamanns Dalvíkurbyggðar skal fara fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert.

**Samþykkt í íþróttá- og æskulýðsráði þann 3. apríl 2018.**

**Staðfest í sveitarstjórn þann 18. apríl 2018.**

## Vinnureglur við greiðslu atkvæða í kjöri Íþróttamanns Dalvíkurbyggðar

- Íþrótt- og æskulýðsráð (aðal og varamenn) velja þrjá aðila. Sá sem valinn er efstur fær 3 stig, sá sem kemur næstur fær 2 stig og sá þriðji 1 stig.
- Rafræn kosning fer í gegnum Mína Dalvíkurbyggð og er fyrir 15 ára og eldri. Sá sem fær flest stig í rafrænni kosningu fær 3 stig, sá sem kemur næstur fær 2 stig og sá þriðji fær 1 stig. Komi til þess að kosningakerfi í rafrænni kosningu bjóði upp á þann möguleika, skal gefa íbúum kost á að gefa 1-3 stig, líkt og ráðið gerir.
- Samanlögð stig þessara tveggja aðila hlýtur titilinn íþróttamaður Dalvíkurbyggðar. Fulltrúar sem kjósa í íþrótt- og æskulýðsráði gera það hver og einn, ekki verður lögð saman heildar stig þeirra til móts við stig úr rafrænni kosningu, heldur gildir atkvæði hvers og eins sem hlutfall af þessum 70% (eða allt að 1/10) Komi til þess að tveir verði jafnir, verður sá sem valnefndin setti hærra fyrir valinu.
- Ef þannig skyldi vilja til að tveir íþróttamenn stæðu uppi jafnir með flest stig þá skal valnefndin velja annan aðilann.
- Tilnefningum skal skilað í bréfi til íþrótt- og æskulýðsfulltrúa í þjónustuver bæjarskrifstofu eða með tölvupósti á netfangið [gislirunar@dalvikurbyggd.is](mailto:gislirunar@dalvikurbyggd.is) á sérstöku eyðublaði sem ráðið úthlutar.
- Í kjöri á íþróttamanni ársins er eingöngu greint frá því hver er kjörinn íþróttamaður Dalvíkurbyggðar, en veittar eru viðurkenningar til allra sem tilnefndir eru en þó aðeins einn kjörinn íþróttamaður hvernar greinar.



DALVÍKURBYGGÐ

**VIRÐING**  
**JÁKVÆÐNI**  
**METNAÐUR**

## Tilnefning til íþróttamanns Dalvíkurbyggðar

Nafn einstaklings, heimilisfang, sími og kennitala (mikilvægt að skila góðri mynd af einstakling með tilnefningu):

---

Nafn félags: \_\_\_\_\_

Íþróttagrein: \_\_\_\_\_

Ástæður tilnefningar:

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Undirskrift forráðamanns félags: